



Breytingatillaga

Breytingatillaga íbúaráðs Breiðholts við tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um umferðaröryggi í Fálkabakka

Íbúaráð Breiðholts leggur til að beina því til umhverfis og skipulagsráðs að meta umferðaröryggi í Fálkabakkabrekkunni með hliðsjón að umferðaröryggisáætlun borgarinnar, forgangsroðun henni tengdri og þeim breytingum sem voru gerðar með deiliskipulagsbreytingunni sem samþykkt var 16.11.2017.

Greinagerð:

Umfangsmiklar úrbætur voru gerðar á svæðinu árið 2017 einmitt til að bæta umferðaröryggið í Fálkabrekkunni en þáverandi innkeyrsla var í talsverðum halla og of nálægt gagnamótunum við Arnarbakka/Fálkabakka. Til að bæta umferðaröryggið var innkeyrslan færð til, lóðmörkum breytt, bílastæðum fjölgað og nýir stígar lagðir. Í ljósi þessa vill Íbúaráðið að það verði metið hvort þörf sé að meta umferðaröryggið að nýju með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar voru 2017 og nýrri umferðaröryggisáætlun Reykjavíkurborgar en brekkan upp og niður Fálkabakka er mikilvæg samgöngutenging við neðra Breiðholt og brýnt að öryggi sé tryggt allan ársins hring. Á slyssjá samgöngustofu eru þrjú óhopp án meiðsla skráð á frárein við Höfðabakka, tvær aftanákeyrslur á kyrrstæðan bíl og ein hægri keyrsla fyrir bíl og eitt óhapp án meiðsla. Ein keyrsla í veg fyrir bíl er skráð við Fálkabakka/Fálkaborg. Engin slys hafa orðið niður Fálkabakkabrekkuna.